

Ársskýrsla FFGÍR

Foreldrafélög grunnskólanna í Reykjanesbæ



Starfsárið 2019 – 2020

Hlutverk og markmið FFGÍR

FFGÍR hefur það hlutverk að vera tengiliður milli stjórnarsýslu Reykjanesbæjar og foreldrafélaga grunnskólanna með það í fyrirúmi að auka upplýsingaflæði, fagleika, skýra markmið, reglur og áherslur foreldrafélaganna.

Markmið félagsins er að veita fræðslu og stuðning til foreldrafélaganna. Þjóða upp á fræðslu fyrir foreldra og nemendur í Reykjanesbæ með eflingu foreldrasamstarfs, fræðslu, fyrirlestra og forvarna í huga.

Í krafti fjöldans getum við gert meira saman.

Verkefnastjórar starfsárið 2019-2020

Anna Sigríður Jóhannesdóttir og Anita Engley Guðbergsdóttir.

Anita tók við af Önnu Huldu Einarsdóttir í ágúst 2019.

Stjórn félagsins

Verkefnastjórar hittu formenn foreldrafélaganna reglulega á starfsárinu og var sá háttur hafður á að formenn skiptust á og buðu til síns skóla og gaf það bæði okkur og öðrum formönnum tækifæri til að sjá umhverfi hvers og eins.

Í stjórn félagsins þetta starfsár eru tveir verkefnastjórar, Anna og Anita, ásamt formönnum foreldrafélaganna.

Formenn eru:

Guðrún Bjarnadóttir – Háaleitisskóli

Guðrún María Þorgeirsdóttir – Stapaskóli

Hjörleifur Þór Hannesson – Myllubakkaskóli

Kristín Hjartardóttir – Njarðvíkurskóli

Kristján Freyr Geirsson – Heiðarskóli

Selma Björk Hauksdóttir – Holtaskóli

Þórdís Elín Kristinsdóttir – Akurskóli

Funda- og nefndastörf verkefnastjóra

Reglubundnir fundir verkefnastjóra hafa verið á starfsárinu, hafa þeir að mestu farið fram á netinu og í gegnum síma. Verkefnastjórar hafa bæði skipt með sér störfum og starfað saman að öðrum verkefnum í þágu félagsins. Báðir verkefnastjórar hafa sótt samtakafundi Reykjanesbæjar og með því aukið upplýsingastreymi til foreldrafélaganna ásamt því að efla fræðslu til nemenda, skóla og foreldra. Anita Engley hefur setið sem áheyrnarfulltrúi foreldra á fræðsluráðsfundum vetrarins. Anna Sigríður hefur sótt fræðslu til Heimila og skóla og sinnt þeim samskiptum þetta starfsár.

Helstu áherslur og verkefni starfsársins

Í upphafi vetrar var rík áhersla lögð á það hjá verkefnastjórum að ræða gegnsæi í fjármálum félaganna og að hver gjaldkeri væri með annan aðila úr stjórn sem hefði aðgang að reikningum félagsins og að hvert félag passaði upp á að sendir verði út greiðsluseðlar í heimabanka til að styðja við félögin og verkefni þeirra.

Einnig var lögð áhersla á að foreldrafélögin uppfylli reglur sem snúa að skólanum þar sem einhverjir skólar höfðu fengið mínusstig í úttektum á starfi skólanna. Eitt af þeim atriðum er að foreldrafélög þurfi að skila starfsáætlunum fyrir 1. október ár hvert til skólastjóra með fundum, viðburðum, styrkjum og fl. sem félag hvers skóla ætli að halda eða standa fyrir.

Mikil áhersla var lögð á umræðu um læsi nemenda og hvernig við sem foreldrasamfélag gætum haft áhrif á eflingu læsis bæði heima fyrir og í skólanum, hver okkar þátttaka gæti verið í stóra samhenginu.

Ýmsar hugmyndir komu fram um enn frekara samstarf við bókasafn bæjarins, rafbækur, gjafir til bókasafna skólanna og ýmislegt fleira, er sú vinna enn í gangi.

Önnur verkefni og fundir verkefnastjóra

Samstarf var við félagasamtökin Heimili og skóli á árinu og færðu þau FFGÍR ýmislegt efni sem dreift hefur verið til félaganna. Á lokafundi ársins sem haldinn verður um miðjan maí 2020 verður foreldrafélögunum einnig afhent efni fyrir nýja nemendur grunnskólanna og foreldra þeirra um hlutverk og skyldur foreldra grunnskólabarna, þá helst varðandi lestur og lesskilning heimafyrir.

Farið var í heimsókn á bókasafnið og fengin enn frekari fræðsla og upplýsingar um hvernig við gætum stuðlað að samstarfi og auknum áhuga á lestri.

Einnig voru foreldrafélögin hvött til þess að fá Krissa löggú og Heiðrúnu í heimsókn með forvarnafræðslu og upplýsingar til foreldra og voru félögin dugleg að nýta sér það. Fræðslan sneri að forvörnum um rafrettur, ofbeldi og unglíngadrykkju.

Stóra verkefni FFGÍR var að fá Bjarna Fritzson inn í alla grunnskólana í janúar með fræðslu, sjálfstyrkingu og eflingu fyrir ungt fólk til að vera besta útgáfan af sjálfu sér og muna að gera sitt besta. Fyrirlestrararnir voru fyrir nemendur miðstígs ásamt kennurum. Fengum við að heyra frá kennurum, stjórnendum í skólunum og nemendum að mikil ánægja hafi verið með Bjarna og hans boðskap.

En FFGÍR finnst mikilvægt að fræðslan sé ekki bara fyrir börn og kennara heldur er foreldrasamstarf mikilvægt og vitum við að þannig næst bestur árangur og var því boðið upp á foreldrafyrirlestur með Bjarna í fimleikaakademíunni og var mjög góð mæting, nánast fullur salur. Þar fór Bjarni yfir hvað hann var að kenna börnunum og hvernig við sem foreldrar getum gert betur til að styðja við börnin okkar og vera hvatning. Foreldrar fengu verkefnahandbók til að taka með heim svo hægt sé að vinna áfram með börnunum.

Verkefnastjórar funduðu með lýðheilsufulltrúa Reykjanesbæjar í gegnum Teams í febrúar og komu verkefnastjórar með hugmyndir að fjölskylduvænum viðburðum fyrir Reykjanesbæ til að nýta hvort sem er á COVID-19 tímum eða Ljósanótt. Einnig komu verkefnastjórar með hugmyndir fyrir sumarnámskeið og starfstækifæri fyrir ungmenni í sumar á þessum námskeiðum.

Foreldrafélögin, verkefni, styrkir og gjafir á árinu.

Hörkuduglegir foreldrar vinna í foreldrafélögum skólanna hér í Reykjanesbæ og funduðu allir formenn með sínum félagsmönnum reglulega á árinu. Hér er upptalning á helstu verkefnum félaganna sem þau hafa unnið að og ekki hafa verið talin upp hér að ofan ásamt gjöfum og upplifunum sem félögin hafa gefið til skólanna, kennara, nemenda og foreldra.

Hafa ber í huga að ýmis verkefni hafa tekið breytingum sökum COVID-19.

Myllubakkaskóli

Foreldrafélagið bauð upp á fyrirlestur um forvarnir frá Krissa og Heiðrúnu um rafrettur, ofbeldi og drykkju. Félagið hélt þorablót Myllubakkaskóla og gefnar voru þorraveitingar ásamt víkingaskemmtun fyrir foreldra og nemendur. Félagið gaf skemmtidagskrá fyrir nemendur á íþróttadegi skólans.

Einnig voru gjafir gefnar á árinu til nemenda og eru þær eftirfarandi: Styrkur í ferðasjóð til 10.bekkjar. Blóm gefin til útskriftarnema við útskrift. Boðið upp á smurt nesti fyrir nemendur samræmdra prófa: Rúnstykki smurð með skinku og osti ásamt drykk, sáu foreldrar einnig um að smyrja fyrir nemendur og veita hvatningu.

Í vinnslu er gjöf til starfsmanna skólans sem verður afhent þegar hún er tilbúin.

Heiðarskóli

Foreldrafélagið gaf veglega afmælisgjöf til skólans. Var það færanlegt hljóðkerfi til nota í sal og í stofum skólans. Forvarnafyrirlestur var haldinn af Krissa löggú og Heiðrúnu fyrir foreldra barna á unglíngastigi með sama hætti og hefur verið í öðrum skólum. Félagið styrkti verkefni á vegum skólans er nefnist skáld í skólum sem er fyrir 1.-4. bekk og 5-7. bekk um samtals 80.000 kr. Jólaföndur var haldið á vegum félagsins 28. nóvember fyrir nemendur og foreldra.

Framundan hjá félaginu eru styrkir vegna vorferða, útskriftartreflar, rútuferðir, útskriftarferð 10. bekkjar og Heiðarleikarnir/vorhátíð skólans.

Holtaskóli

Foreldrafélagið bauð nemendum sem þreyta samræmd próf morgunmat fyrir prófin og smurðu foreldrar rúnstykki og báru fram fyrir 4., 7. og 9. bekk. Einnig bauð félagið upp á fyrirlestur með Krissa löggú og Heiðrúnu. Félagið gaf einnig starfsfólki skólans konfekt á kennarastofuna í desember til að njóta yfir aðventuna. Félagið styrkti útskriftarferð 10. bekkjar með því að styðja við viðburð í skólanum þar sem foreldrar og börn komu saman að steikja laufabrauð. Fyrir páskafrí var öllu starfsfólki gefinn þakklætisvottur fyrir frábært starf á fordæmalausum tímum.

Félagið mun gefa 10. bekkjum blóm fyrir síðustu kvöldmáltíðina. Einnig gefur félagið skólanum krítar og bolta fyrir nemendur á útisvæði skólans ásamt því að greiða fyrir skemmtiatriði á vorhátíð skólans og færa skólanum gjöf fyrir skólalok. Venja hefur verið að greiða rútu fyrir nemendur á Skólahreysti en ekkert varð af því í ár sökum samkomubanns.

Njarðvíkurskóli

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn í byrjun september þar sem stjórn var kosin, farið var yfir verkefni vetrarins og uppgjör seinasta starfsárs.

Haldið var jólaföndur í lok nóvember fyrir nemendur og foreldra barna við skólann. Boðið var upp á fyrirlestur með Bjarna Fritzsýni í samstarfi við FFGÍR í byrjun árs 2020.

Skólanum voru gefnir nokkrir konfektikassar fyrir starfsfólkið til að njóta á aðventunni, í febrúar fékk skólinn peningagjöf frá foreldrafélaginu að upphæð 100.000 kr. til að nýta til bóka- og spilakaupa fyrir bókasafnið. Allt starfsfólk fékk páskaegg fyrir páska sem þakklætisvott fyrir að vera í framlínu á þessum tímum.

Á áætlun var að greiða rútu á Skólahreysti sem varð ekki af vegna aðstæðna. Einnig hefur foreldrafélagið séð um að aðstoða á vorhátíð skólans með pylsuveitingum sem skólinn mun sjá um í ár vegna COVID-19 en foreldrafélagið mun styrkja skemmtiatriði fyrir vorhátíðina. Ekki mun verða af hátíðarkvöldverði fyrir 10. bekk í vetur, en hann verður með breyttu sniði á skólaslitum og mun foreldrafélagið styrkja blómakaup og skemmtun fyrir nemendur.

Einnig hefur foreldrafélagið samþykkt að taka þátt í kostnaði vegna kaupa á útileiktæki.

Háaleitisskóli

Foreldrafélagið hélt utan um Halloween ball fyrir nemendur skólans og sjöppu. Fyrri ár hefur félagið gefið pylsur, brauð og meðlæti fyrir sumarhátíðina en ekki mun verða af því þetta ár þar sem skólinn mun sjá um það sjálfur vegna COVID-19. Í skoðun er að halda einhvers konar lokaskemmtun fyrir 10. bekk á sama tíma og hátíðarkvöldverður nemenda verður á vegum skólans í stað lokaballsins sem hefur verið. Hugmyndin er að koma með skemmtilega fræðslu og tónlistaratriði ef allt gengur upp og fé dugar til.

Akurskóli

Viðburðir á árinu og gjafir hafa verið meðal annars: Árlegur fyrirlestur Vöndu Sigurgeirs fyrir foreldra barna í 1. bekk að hausti. Jólaföndur og styrkur til 10. bekkjar vegna útskriftarferðar og blóm til nemenda. Foreldrafélagið gaf vоргjafir til skólans í tengslum við vorhátíðina og voru það boltar og krítar að þessu sinni fyrir börnin. Einnig er gefið tónlistaratriði og skemmtun til skólans á vorhátíð barnanna.

Venja hefur verið að taka þátt í rútukostnaði í vorferðum en verða þær með eitthvað breyttu sniði í ár.

Foreldrafélagið, í samstarfi við starfsmannafélag skólans, bauð starfsmönnum út að borða í þakklæti fyrir að standa í framlínunni (vegna COVID-19)

Stapaskóli

Foreldrafélag skólans er nýtt og hefur reynt að gera ýmislegt á árinu með góðum stuðningi frá Akurskóla og var það helst vegna fjárskorts. Félagið hefur verið að vinna að því að fá kennitölu svo hægt sé að senda út greiðsluseðla og tókst það ekki fyrir þetta starfsár, pappírs vinnu er þó lokið og er beðið eftir skattinum núna.

Farið var í Sólbrekkuskóg með nemendum og foreldrum með kakó og vasaljós. Búið var að hengja upp skemmtileg endurskinsmerki víðsvegar um skóginn og jólasveinninn kom í heimsókn. Einng styrkti Akurskóli foreldrafélagið vegna fræðslunnar hjá Bjarna Fritzsyni fyrir 5. bekk. Félagið gaf sumargjafir til skólans, krítar og bolta, og mun einnig taka þátt í að greiða skemmti- og tónlistaratriði á vorhátíð skólans. Áætlað var að gera meira en í ljósi COVID-19 hefur ýmislegt runnið út í sandinn í þeim efnunum.

Styrkir á starfsárinu til FFGÍR

Reykjanesbær veitti styrk að upphæð 1.000.000 kr.

En félagið reynir að leita styrkja til að efla félögin og skólana enn frekar, aðrir styrkir fengust ekki á árinu. Félagið sótti um styrk til bókaþaua á árinu með það í huga að styrkja og styðja við bókasöfn skólanna og nemendur ásamt því að gefa bókaþjöf til Fjörheima, þar sem börnin okkar sækja frekar þangað í frítímanum, en sá styrkur fékkst ekki.

Einnig er félagið duglegt að leita eftir afsláttum og vinnur þannig í krafti fjöldans með foreldrafélagunum.

Virðingarfyllst,

verkefnastjórar FFGÍR

Anna Sigríður og Anita Engley.